

Ár 2014, fimmtudaginn 11. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í máli nr. S-324/2014:

Ákærvaldið

(*María Káradóttir ftr.*)

gegn

Evu Björk Ægisdóttur

(*Puríður Sigurjónsdóttir hdl.*)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 4. júlí sl. og dómtekið 9. desember sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 18. júní 2014, á hendur Evu Björk Ægisdóttur, kt. 000000-0000, [...], „fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 15. september 2013, á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi, slegið X, kt. 000000-0000, hnefahöggi í andlit og rifið í hár hennar, með þeim afleiðingum að hún hlaut yfirborðsáverka á vör og munnholi, opið sár á vör og munnholi, mar á olnboga, auk þess sem hluta af hári vantaði á höfði yfir gagnauga vinstra megin.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940,

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærða mætti fyrir dóminn 9. júlí sl. og neitaði sök. Átti aðalmeðferð að fara fram 14. október sl. en var frestað vegna óviðráðanlegra aðstæðna brotþola og með samþykki verjanda og ákærvalds. Fór aðalmeðferð fram 9. desember sl. og var málið dómtekið að málflytningi loknum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins kom brotþoli á lögreglustöð þann 16. september 2013 og lagði fram kæru á hendur ákærðu. Ágreiningslaust er að aðdragandi atviksins var með þeim hætti að ákærða var ásamt vinum sínum á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi umrætt kvöld. Að hennar sögn ætlaði hún að kaupa sér bjór og hafi hún afhent þjóni við barinn greiðslukort sitt. Hún hafi síðan hvorki fengið bjórinn né kortið sitt til baka og hafi átt í deilum við þjóninn vegna þess. Ágreiningur er um framhaldið en ákærða kvaðst hafa ætlað að ræða við eiganda staðarins í kjölfarið og veifað honum til að ná athygli hans en dyravörður, brotþoli í máli þessu, hafi

komið og tekið í sig og meinað sér för áfram. Allt í einu hafi hún verið komin í gólfíð með brotapolu yfir sér. Við það hafi hún hlotið nokkra áverka. Brotapoli kveður ákærðu hafa ætlað inn fyrir barborðið og því tekið í hana til að stöðva för hennar en þá hafi ákærða kýlt hana í andlit og rifið hár af höfði hennar. Brotapoli hafi þá tekið í báðar hendur ákærðu og lagt hana í gólfíð. Ákærðu hafi síðan verið vísað út af staðnum. Þá er ágreiningslaust að greiðslukort ákærðu fannst á bílastæði seinna um nóttina fyrir utan skemmtistaðinn. Einnig liggur fyrir að ákærða lét loka greiðslukortinu í gegnum neyðarsíma um klukkan hálfjögur þessa sömu nótt.

Sönnunargögn.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð A, dagsett 2. október 2013. Segir þar að brotapoli hafi leitað á bráðadeild LSH 15. september 2013, kl. 07:02. Lýsti hún atvikum á bráðadeild þannig að hún hafi verið að vinna á bar um nóttina þegar kona hafi farið inn fyrir barborðið. Brotapoli hafi ætlað að vísa henni fram þegar konan hafi ráðist á sig, rifið kröftuglega í hár hennar vinstra megin á höfði þannig að talsverð hárlufsa losnaði. Einnig hafi konan kýlt hana tvisvar vinstra megin í höfuðið. Segir í vottorðinu að greinilega hafi vantað hár yfir gagnauga vinstra megin. Í kaflanum „Greiningar“ segir að yfirborðsáverki sé á vör og í munnholi, opið sár á vör og munnholi og mar á olnboga.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærða neitar sök í málinu og kveðst hvorki hafa kýlt brotapolu né rifið í hár hennar. Hafi ákærða verið á skemmtistaðnum Spot umrætt sinn með vinum sínum. Hún hafi farið á barinn og pantað bjór og látið þjóninn fá debetkort sitt um leið. Hún hafi verið á spjalli við vinkonu sína við barinn í nokkurn tíma en síðan áttað sig á því að þjónninn hafi ekki látið hana hafa debetkortið til baka. Hún hafi krafði þjóninn um kortið sitt en hann neitað því að hafa tekið við því. Ákærða hafi þá ætlað að ræða við eiganda staðarins, en hún hafi séð hann fyrir innan barinn, til að leysa úr málinu. Hún hafi veifað til hans en hann ekki virt hana viðlits. Í því hafi dyravörður komið og tekið í hægri hönd hennar og haldið í hana. Ákærða hafi beðið dyravörðinn um að sleppa sér sem hann hafi ekki gert. Allt í einu hafi ákærða legið á gólfinu með hendur fyrir aftan bak. Við það hafi hún hlotið nokkra áverka. Annar dyravörður hafi síðan komið og fylgt henni út af barnum. Ákærða kvaðst vera með sjaldgæfan sjúkdóm sem komi m.a. fram í vinstri hendi hennar og vegna þess geti hún ekki beitt hendinni. Því sé útilokað að hún hafi getað kýlt brotapolu með vinstri hendi en brotapoli hafi haldið í hægri handlegg ákærðu.

Vitnið X kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið að vinna sem dyravörður umrætt sinn. Hún hafi verið að leggja frá sér tóm glös á barborðið þegar hún varð vör við að stúlka var að ræða við barþjón um kort. Allt í einu hafi stúlkan tekið á rás inn fyrir barborðið og vitnið farið á eftir henni og gripið í handlegg stúlkunnar og haldið. Vitnið kvaðst ekki muna í hvorn handlegginn hún tók. Stúlkan hafi þá snúið sér við og kýlt vitnið í andlitið og rifið í hár þess. Við það hafi hár losnað úr hársverðinum og legið eftir á gólfinu. Vitnið hafi þá tekið í báðar hendur stúlkunnar og lagt hana í gólfíð. Í framhaldi hafi hún farið til annars dyravörðar og beðið hann um að koma stúlkunni út. Vitnið kvaðst hafa farið á slysadeild um morguninn og fengið áverkavottorð.

Vitnið B dyravörður kvaðst hafa verið að vinna sem barþjónn umrætt sinn. Hann hafi farið að næsta viðskiptamanni, sem hafi verið stúlka, og spurt hvað hann gæti gert fyrir hana. Þá hafi stúlkan sagt að hann hafi ekki látið hana hafa debetkort sitt. Vitnið kvaðst hafa neitað því og ekki hafa tekið við kortinu en leitað á barnum að debetkorti hennar ef það skyldi liggja þar. Stúlkan hafi þá viljað vita hver væri eigandi staðarins og vitnið bent á eigandann sem var fyrir innan barinn. Stúlkan hafi þá tekið á rás inn fyrir barborðið en brotaþoli komið og stöðvað ákærðu. Ákærða hafi orðið mjög reið og ráðist á brotaþola, kýlt hana með hnefanum og rífið í hár hennar. Fleiri dyraverðir hafi komið og hjálpað til og meira viti vitnið ekki um málið. Vitnið kvaðst ekki muna með hvorri hendinni ákærða sló. Vitnið kvaðst hafa séð hár á gólfinu eftir þetta en mundi ekki sérstaklega eftir öðru. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um það hvort ákærða væri sama manneskjan og kýldi brotaþola, langt væri um liðið. Kvaðst vitnið vera fullvisst um að það hefði ekki afgreitt stúlkuna áður, því að vitnið taki við pöntun og klári hana áður en það fari að næsta viðskiptavini. Aðspurt kvað vitnið stúlkuna hafa verið mjög reiða og sýnt mikinn dónaskap.

Vitnið C dyravörður kvaðst ekki hafa séð átökin en brotaþoli hafi komið til sín og beðið sig um að hafa afskipti af ákærðu þar sem hún hefði farið inn fyrir barinn. Brotaþoli hafi haldið á hárflyksu í hendinni þegar hún kom til vitnisins. Vitnið hafi séð að brotaþoli var rauð á gagnauganu þar sem hárið var rífið af en mundi ekki eftir öðrum áverkum. Vitnið hafi í framhaldi farið til ákærðu. Ákærða hafi verið frekar pirruð en vitnið rætt við hana, tekið um axlir hennar og gengið með hana út og hafi ákærða þá verið nokkuð róleg. Vitnið kvað það ekki passa að það hafi haldið höndum ákærðu fyrir aftan bak þegar þau gengu út eins og ákærða haldi fram.

Vitnin A og D lækna gáfu símaskýrslu fyrir dóminum og staðfestu það sem kemur fram í vottorðum þeirra.

Forsendur og niðurstöður.

Í málinu er ekki ágreiningur um aðdraganda málsins. Ákærða neitar að hafa ráðist á brotaþola og segir brotaþola hafa tekið í sig og lagt sig í gólfíð án nokkurs tilefnis. Brotaþoli lýsir atvikum þannig að ákærða hafi farið inn fyrir barinn og brotaþoli þar tekið í handlegg hennar til að stöðva hana. Staðfesti vitnið B það að stúlkan hafi verið komin inn fyrir barinn. Þá ber vitninu B og ákærðu saman um að ákærða hafi ætlað að ná tali af eiganda staðarins, sem ekki gekk eftir. Brotaþoli fór á slysadeild morguninn eftir árásina og segir þar frá á sama hátt og fyrir lögreglu og dómi utan að hún segir hjá læknum og lögreglu að högginn hafi verið tvö. Þá staðfesti vitnið C að brotaþoli hafi verið með hárflygsur í hendi sér þegar hún bað hann um aðstoð auk þess sem hún hafi verið rauð yfir gagnauga þar sem hárið var. Fyrir liggur læknavottorð sem samrýmist lýsingu brotaþola á árásinni. Ákærða hefur borið við neyðarvörn. Eins og máli þessu er háttáð verður þeirri málsástæðu ákærðu hafnað. Samkvæmt framburði brotaþola og vitnanna B og C telur dómurinn lögfulla sönnun fram komna um að ákærða hafi farið inn fyrir barborðið, brotaþoli þar tekið í hana í þeim tilgangi að stöðva för hennar og ákærða þá veist að brotaþola eins og lýst er í ákæru. Þá er því hafnað að 3. mgr. 218. gr. b laga nr. 19/1940 eigi við í máli þessu þar sem áverkar ákærðu verða í kjölfar viðbragða brotaþola við árásinni. Verður ákærða sakfelld fyrir þá háttsemi sem henni er gefin að sök í ákæru og er hún

réttilega heimfærð til refsíákvæðis.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur henni ekki verið gerð refsing áður. Með hliðsjón af broti hennar og afleiðingum árásarinnar er refsing ákærðu ákveðin fangelsi í þrjátíu daga en rétt þykir að skilorðsbinda refsinguna og skal hún niður falla að liðnu einu ári haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður ákærða dæmd til að greiða allan sakarkostnað, sem er samkvæmt yfirliti 15.200 krónur vegna læknisvottorðs og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Þuríðar Sigurjónsdóttur hdl., 316.260 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Eva Björk Ægisdóttir, sæti fangelsi í þrjátíu daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnu einu ári, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, 331.460 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þuríðar Sigurjónsdóttur hdl., 316.260 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ástríður Grímsdóttir.

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjaness 11.12.2014.